

# Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1166

## 1. Almennt:

Veiðifélag Eystri-Rangár (kt. 530492-2659), Móeiðarhvoll 2, 861 Hvolsvelli, sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna 20 tonna hámarkslífmassa af laxi, urriða og bleikju í seiðaeldi þann 2. apríl 2020.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi með frárennsli í gengum tvær setþrær og þaðan í árnar Djúpin og Grafará og endar í Apavatni. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Eldisker eru útbúin ristum til varnar því að fiskur sleppi með frárennsli. Stærð rista á kerum ræðst af stærð fisks í eldi á hverjum tíma. Jafnframt er seinni vörn í enda frárennslis við setþró.

Matvælastofnun staðfestir að öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi hafi verið móttækin og þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 21. maí til 18. júní 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmeitan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

## 2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Veiðifélags Eystri-Rangár. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 20 tonn til seiðaeldis á laxi, urriða og bleikju að Eyjarlandi, Bláskógabyggð.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Matvælastofnun afhendir samhliða rekstrarleyfinu starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 24. júní 2037.

Selfossi, 24. júní 2021